

Ferðamálastofa
04 551

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Ferðamálastofa
530169-4059
Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ferðamálastofa er ríkisaðili í A-hluta, starfsemi stofnunarinnar felst í því að fara með framkvæmd ferðamála samkvæmt lögum, sinna lögbundnu eftirliti og daglegri stjórnslu á því sviði sem löggin ná til og stuðla að þróun ferðamála sem atvinnugreinar. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða er í vörslu Ferðamálastofu. Samkvæmt lögum nr. 75/2011 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða er markmið og hlutverk sjóðsins að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða sem eru í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila um land allt. Þá skal með fjármagni úr sjóðnum leitast við að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins. Einnig er sjóðnum ætlað að fjölga viðkomustöðum ferðafólks til að draga úr álagi á fjölsóttu ferðamannastaði.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 14 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 748,6 milljónir og afkoma kr. 70,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 62,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 167,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ferðamálastofu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ferðamálastofu fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Skarphéðinn Berg Steinarsson,
ferðamálastjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	679.100.000	542.500.000
Seld þjónusta	3	8.480.118	(1.813.596)
Framlög og ýmsar tekjur	4	58.409.466	108.780.197
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	2.648.252	2.690.333
Tekjur samtals		<u>748.637.836</u>	<u>652.156.934</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	248.633.036	217.470.364
Framlög og tilfærslur	6	284.653.614	288.551.208
Annar rekstrarkostnaður	7	142.284.188	122.386.152
Afskriftir	8	2.648.252	2.690.333
Gjöld samtals		<u>678.219.090</u>	<u>631.098.057</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		70.418.746	21.058.877
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		58.923	83.608
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(169.207)	(544.485)
		(110.284)	(460.877)
Afkoma ársins		<u>70.308.462</u>	<u>20.598.000</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	191.262.076	37.349.208
Rekstrartilfærslur		(120.953.614)	(16.751.208)
		<u>70.308.462</u>	<u>20.598.000</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		11.503.522	9.608.332
		<u>11.503.522</u>	<u>9.608.332</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	10	540.720	540.720
		<u>540.720</u>	<u>540.720</u>
		<u>12.044.242</u>	<u>10.149.052</u>
Fastafjármunir samtals			
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		1.568.538	2.763.882
Tengdir aðilar	11	151.391.441	53.329.922
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		1.903.075	0
Handbært fé	12	987.922	3.932.996
		<u>155.850.976</u>	<u>60.026.800</u>
Veltufjármunir samtals			
Eignir samtals		<u>167.895.218</u>	<u>70.175.852</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	13		
Hrein eign		62.508.715	(7.799.747)
		<u>62.508.715</u>	<u>(7.799.747)</u>
Eigið fé samtals			
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	25.092.764	11.214.518
Viðskiptaskuldir		13.631.737	10.642.088
Ýmsar skammtímaskuldir	14	54.695.561	46.504.300
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	15	11.966.441	9.614.693
		<u>105.386.503</u>	<u>77.975.599</u>
Skuldir samtals			
Eigið fé og skuldir samtals		<u>167.895.218</u>	<u>70.175.852</u>
Aðrar upplýsingar	16		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		70.308.462	20.598.000
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	2.648.252	2.690.333
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(2.648.252)	(2.690.333)
		<u>70.308.462</u>	<u>20.598.000</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(707.731)	52.403.935
Tengdir aðilar		(84.183.273)	(58.868.974)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		11.180.910	(21.211.349)
		<u>(73.710.094)</u>	<u>(27.676.388)</u>
		<u>(3.401.632)</u>	<u>(7.078.388)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(4.543.442)	(2.493.639)
		<u>(4.543.442)</u>	<u>(2.493.639)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		5.000.000	2.500.000
		<u>5.000.000</u>	<u>2.500.000</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(2.945.074)	(7.072.027)
		<u>3.932.996</u>	<u>11.005.023</u>
		<u>987.922</u>	<u>3.932.996</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluvegi og er hluti af afkomu ársins.

Skýringar

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningssskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	679.100.000	545.000.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(2.500.000)
Tekjufærsla fjárveitinga	679.100.000	542.500.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	2.648.252	2.690.333
	<u>681.748.252</u>	<u>545.190.333</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	510.800.000	163.700.000	0	674.500.000
Fjárukalög	(3.400.000)	0	0	(3.400.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða	8.000.000	0	0	8.000.000
Fjárveiting til tekna	515.400.000	163.700.000	0	679.100.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum	(324.137.924)	(284.653.614)	0	(608.791.538)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	191.262.076	(120.953.614)	0	70.308.462

	2019	2018
3 Seld þjónusta		
Ýmsar þjónustutekjur	8.480.118	10.015.654
Leiðréttar ýmsar þjónustutekjur fyrri ára	0	(11.829.250)
	<u>8.480.118</u>	<u>(1.813.596)</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur		
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	33.547.552	93.200.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	24.394.552	0
Ýmsar tekjur	467.362	15.580.197
	<u>58.409.466</u>	<u>108.780.197</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	197.982.690	175.165.624
Orlof, breyting	2.706.017	(21.229)
Launatengd gjöld	45.052.370	40.145.246
Starfsmannakostnaður	2.891.959	2.180.723
	<u>248.633.036</u>	<u>217.470.364</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	20,6	18,8
------------------------------	------	------

6 Framlög og tilfærslur		
Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	21.928.260	14.800.000
Rekstrartilfærslur aðrir	262.725.354	273.751.208
	<u>284.653.614</u>	<u>288.551.208</u>

Skýringar

	2019	2018
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	859.850	525.242
Byggingarvörur, almennar	393.160	0
Tæki og búnaður til innréttinga	0	(63.933)
Ýmis tæki og áhöld	3.368.883	855.223
Varahlutir og viðhaldsvörur	0	2.480
Orkugjafar	469.461	512.737
Matvæli	4.594.829	3.031.200
Almennar rekstrarvörur	1.305.840	179.075
Vörukaup, almenn	10.992.023	5.042.024
Ýmsar sérgreindar vörur	16.586	0
Vörukaup, sérgreind	16.586	0
Fundir, námskeið, risna	6.606.640	4.943.915
Ferðir, uppihald	8.586.194	16.311.796
Akstur	1.545.816	2.088.419
Sérfræðiþjónusta	45.587.759	35.322.416
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	207.084	282.935
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.899.563	7.034.470
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	897.241	1.167.984
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	65.330.297	67.151.935
Afnotagjöld	12.738.001	11.557.201
Leigugjöld	12.966.586	11.451.692
Notkun véla og flutningatækja	122.500	10.800
Verkkaup	18.854.794	12.221.006
Kostnaðarhlutdeild	21.256.774	18.365.807
Tryggingar, lögboðnar	6.627	3.768
Opinber gjöld	0	67.014
Tapaðar kröfur	0	(3.485.095)
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	65.945.282	50.192.193
Annar rekstrarkostnaður samtals	142.284.188	122.386.152
8 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	2.648.252	2.690.333
	2.648.252	2.690.333

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
9 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	11.503.522	9.608.332
	<u>11.503.522</u>	<u>9.608.332</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður
Staða 1.1.2019	19.936.901
Viðbætur á árinu	4.543.442
	<u>24.480.343</u>
Afskriftir 1.1.2019	10.328.569
Afskrift ársins	2.648.252
	<u>12.976.821</u>
Staða 31.12.2019	<u>11.503.522</u>

10 Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Matsverð
<u>Eignarhlutir ríkissjóðs undir 20% (kostnaðarverðsaðferð):</u>			
Austurbrú	3%	50.000	50.000
Scandinavian Tourism, Inc		490.720	490.720
		<u>540.720</u>	<u>540.720</u>

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slit, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

	31.12.2019	31.12.2018
11 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	151.391.441	33.652.182
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	0	19.677.740
	<u>151.391.441</u>	<u>53.329.922</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	25.092.764	11.214.518
	<u>25.092.764</u>	<u>11.214.518</u>
12 Handbært fé		
Tékkareikningar	4.929	2.973.834
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum	982.993	959.162
	<u>987.922</u>	<u>3.932.996</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 171,1 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

Skýringar

13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2019	31.12.2018
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(7.799.747)	(28.397.747)
Afkoma ársins	70.308.462	20.598.000
Jöfnuður 31.12.	62.508.715	(7.799.747)

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

	31.12.2019	31.12.2018
14 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	26.246.501	23.540.484
Ógreidd laun	580.141	0
Önnur ógreidd gjöld	27.868.919	22.963.816
	54.695.561	46.504.300

15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	11.503.522	9.608.332
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	462.919	6.361
	11.966.441	9.614.693

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	9.608.332	6.361	9.614.693
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	5.000.000	5.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	4.543.442	(4.543.442)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(2.648.252)	0	(2.648.252)
	11.503.522	462.919	11.966.441

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 2,6 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

Skýringar

16 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi húsaleigusamninga til ársins 2029, árlega greiðslur vegna þeirra nema kr. 11,5 milljónir. Árlegar greiðslur vegna styrktar- og samstarfssamninga nema kr. 23,7 milljónum. Stofnunin er með skuldbindandi rekstrar- og þjónustusamninga við Isavia ohf, árlegar greiðslur vegna þeirra nema kr. 9,5 milljónum og vegna annara samninga eru árlegar greiðslur kr. 48,7 milljónir.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.